

um frv. til l. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Frá menntamálanefnd.

Runnin er upp öld tækni og vísinda. Hafa mörg fögur orð verið sögð um nauðsyn og gildi rannsókna og margir tekið undir þá skoðun, að íslenska þjóðin yrði að beita fyrir sig vísindum til að fá notið hinna beztu lífskjara í landi sínu.

Frumvarp þetta fjallar eingöngu um skipulag rannsóknarmála í þágu atvinnuveganna. Það er því atriði, sem afgreiða verður, áður en þjóðin getur gert upp við sig, hvað hún þarf að gera fyrir vísindarannsóknir í þágu atvinnuveganna til að fá notið fullra ávaxta tækninnar.

Frumvarpið var fyrst flutt á Alþingi 1962 og endurflutt 1963. Nú er það enn fram komið, og hefur menntamálanefnd fjallað ýtarlega um það. Eru nefndarmenn sammála um það meginatriði, að Alþingi megi ekki lengur draga að koma skipulagsmálum vísindarannsókna í betra horf, ef þjóðinni á nokkru sinni að auðnast að færa sér sjálfar rannsóknirnar betur í nyt en hingað til. Þess vegna er brýn nauðsyn að afgreiða þetta mál og dveljast ekki lengur við silkiþúfur, heldur komast að kjarna málsins.

Áður hefur verið leitað álits fjölmargra aðila, sem láta sig þessi mál varða. Nú hefur menntamálanefnd rætt frumvarpið á mörgum fundum og fjallað um ýmsar breytingartillögur nefndarmanna, svo og nokkur erindi, sem horízt hafa. Nefndin hefur orðið sammála um allmargar breytingartillögur, sem prentaðar eru á sérstöku þingskjali, og stendur nefndin einhuga um framgang frumvarpsins með þeim breytingum. Þó er rétt að taka fram, að Einar Olgeirsson var andvígur þeirri skipan, sem höfð er um stjórnir rannsóknarstofnananna, en flytur ekki breytingartillögur um það atriði til að spilla ekki framgangi málsins. Sigurvin Einarsson og Björn Fr. Björnsson eru andvígir 45. og 53. greinum. Annars áskilja nefndarmenn sér allan rétt varðandi frekari breytingartillögur, sem fram kunna að koma.

Höfuðatriði breytingartillagna nefndarinnar eru þessi:

1. Nefndin leggur til, að fjölgað sé í rannsóknaráði úr 17 mönnum í 21. Leggur hún til, að í ráðinu sitji 7 alþingismenn, en ekki 5, og er það í samræmi við þróun mála á þingi. Virðist og æskilegt, að rannsóknaráð verði sá tengiliður milli vísindastofnana og löggjafarþings, sem skapaður hefur verið með sérstökum nefndum í öðrum löndum. Þá er gert ráð fyrir, að forstjórar allra fimm rannsóknarstofnana eigi sæti í ráðinu, en var áður gert ráð fyrir 3 fulltrúum þeirra. Loks er lagt til, að menntamálaráðherra verði formaður rannsóknaráðs, og mun það væntanlega auka vald og virðingu ráðsins.
2. Með breytingu við 4. gr. er forstjórum rannsóknarstofnananna heimilað að taka sæti í framkvæmdanefnd ráðsins.
3. Fellt er niður, að framkvæmdastjóri rannsóknaráðs þurfi að hafa háskólapróf „í raunvísindum“, enda gætu menn menntaðir í öðrum greinum vel gegnt því starfi.
4. Sama breytingartillaga er gerð um stjórnir allra rannsóknarstofnananna: einn maður sé skipaður af ráðherra án tilnefningar, annar samkvæmt tilnefningu viðkomandi stofnunar (Fiskifélags, Búnaðarfélags o. s. frv.) og hinn þriðji tilnefndur af ráðgjafarnefnd.
5. Forstjórar stofnananna skulu semja starfsáætlanir þeirra og leggja fyrir stjórnir, og þeir skulu ráða starfsfólk. Er brtt. þessa efnis gerð um allar stofnirnar.
6. Nefndin leggur til, að ráðgjafarnefnd skuli vera við allar rannsóknarstofnir. Gert er ráð fyrir, að forstjórar stofnananna eigi sæti í þessum nefndum, en séu ekki sjálfkjörnir formenn þeirra. Þá er lagt til, að ráðherra geti með samþykki

stjórna viðkomandi stofnana fjölgað í ráðgjafarnefndum og veitt nýjum aðilum sæti í þeim, ef ástæða þykir til.

7. Með brtt. við 54. gr. er gert ráð fyrir, að ráðherra ákveði, að fengnu álit forstjóra og stjórnar, deildaskiptingu rannsóknarstofnana og skipi deildarstjóra.
8. Í 56. gr. er gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin ráðstafi húseign Atvinnudeildar háskólans í þágu íslenzkrar vísindastarfsemi. Um leið og ríkið sér rannsóknarstofnunum fyrir nýju húsrými, er eðlilegt, að háskólinn fái þetta hús til sinna afnota.
9. Í brtt. við 57. gr. er gert ráð fyrir, að framkvæmdastjóri rannsóknaráðs kalli forstjóra stofnananna saman til funda til að ræða sameiginleg málefni.
10. Í brtt. við 63. gr. er gert ráð fyrir, að sérfræðingar rannsóknarstofnana geti kennt við Háskóla Íslands, og skal skipa þeim málum með reglugerð.

Alþingi, 23. apríl 1965.

Benedikt Gröndal,
form., frsm.

Sigurvin Einarsson,
með fyrirvara.

Gunnar Gíslason,
fundaskr.

Einar Olgeirsson.

Davíð Ólafsson.

Einar Ingimundarson.

Björn Fr. Björnsson,
með fyrirvara.